



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 15/2006

Kvörtun Garðvéla ehf. yfir notkun á firmanafninu Garðar og vélar ehf.

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 10. september 2004, frá Garðvélum ehf. Í erindinu er með vísan til 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, nú 5. og 12. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005, kvartað yfir stofnun Garða og véla ehf. þar sem hið nýstofnaða félag beri nafn keimlíku Garðvélum. Telur kvartandi mikla hættu á að fyrirtækjunum tveim verði ruglað saman. Garðvélar sé fyrirtæki sem starfað hafi í nokkur ár og aflað sér viðskiptavildar og álits á markaðinum. Garðar og vélar sé hins vegar fyrirtæki sem stofnað hafi verið upp úr gjaldþroti annars fyrirtækis. Hætt sé við að hið nýstofnaða fyrirtæki muni nýta sér orðspor og viðskiptavild Garðvéla.

Kvartandi gerir þær kröfur að heitið Garðar og vélar verði afskráð þar sem ruglingshætta sé veruleg. Hafi t.d. starfsfólk fyrirtækjaskrár sent upplýsingar um Garðvélar þegar kvartandi hafi óskað eftir upplýsingum um Garða og vélar.

Kvartandi vísar til ákvarðana samkeppnisráðs í ákvörðun nr. 4/2002, *Kvörtun blómaverslunarinnar Blóm er list yfir nafni blómaverslunarinnar Blóm og list ehf.*, ákvörðun nr. 38/2003, *Kvörtun Hasso ehf. yfir skráningu lénsins hasso.com* og ákvörðunar nr. 24/2003, *Kvörtun Skilvís ehf. yfir notkun Íslandsbanka hf. á firmaheitinu Skilvís.*

II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi dags. 13. september 2004 sendi Samkeppnisstofnun erindið til umsagnar Garða og véla. Svar Þórunnar Guðmundsdóttur hrl., f.h. Garða og véla, er dags. 11. október 2004.



Í svarinu kemur fram að Garðar og vélar sé stofnað og skráð hjá fyrirtækjaskrá í maí 2004. Fyrirtækið reki alhliða verktakastarfsemi bæði í gördum og annars staðar, og hafi tekist að afla sér góðra verkefna frá því það var stofnað, m.a. hjá Reykjavíkurborg. Þá leigi fyrirtækið út vélar. Garðar og vélar sé með lögheimili í Reykjavík. Forsvarsmenn félagsins hafi aldrei orðið varir við að félaginu sé ruglað saman við Garðvélar.

Stofnendur Garða og véla telji sig á engan hátt hafa brotið gegn Garðvélum eða góðum viðskiptaháttum með því að nota firmanafn sitt. Fyrirtækið mótmælir sérstaklega að ætlun þess sé að nýta sér meinta viðskiptavild Garðvéla. Orðin garður og vélar séu algeng heiti í íslensku máli og enginn geti fengið slík heiti skráð sem vörumerki þar sem þau skorti öll sérkenni. Garðvélar sé samsett orð en garður og vélar séu tvö orð. Til sé fjöldi fyrirtækja sem noti þessi tvö orð samsett eða í sitthvoru lagi í heitum sínum. Nefna megi Garðverk, Garðvík, Garðar, Hellur og vélar.

Heiti félagsins, sem sé skráð hjá fyrirtækjaskrá brjóti á engan hátt gegn 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti þar sem ekki sé um villandi heiti að ræða. Vísað er til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 37/2000, *Erindi Hönnunar hf. vegna notkunar Stefáns Helga Kristinssonar á léninu honnun.com og ritunar firmans Sígild Hönnun*, þar sem samkeppnisráð taldi að skráning firmans Sígild Hönnun með upphafsstaf í báðum orðum, fæli ekki í sér brot gegn 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.

2.

Með bréfi, dags. 18. október 2004, var svar Garða og véla sent Garðvélum til umsagnar. Svar Jóns Egilssonar hdl., f.h. Garðvéla, er dags. 11. desember 2004.

Fram kemur að Garðvélar sé öflugt fjölskyldufyrirtæki sem hafi farið vaxandi á undanförunum árum og fengið á sig gott orð. Enn hafi ekki komið til deilna vegna verka frá Garðvélum sem sýni hversu vel sé að málum staðið hjá fyrirtækinu. Það sé því áhyggjuefni þegar fyrirtæki sem stofnað sé upp úr gjaldþroti annars sams konar fyrirtækis taki upp nafn sem sé svo keimlíkt nafni kvartanda að veruleg ruglingshætta sé fyrir hendi. Fyrirtækin séu keppinautar sem starfi á sama markaðssvæði. Ekki sé einungis að óttast að hið nýstofnaða fyrirtæki muni að einhverju leyti hagnast á ruglingnum með því að taka til sín viðskiptavinum Garðvéla heldur hafi kvartandi einnig áhyggjur af því að orðspor Garðvéla muni bíða hnekki vegna þessa.

Fram kemur að oft hafi reynt á sambærileg tilvik og þá verið fallist á kröfur þess er telji að sér vegið. Nefndur er úrskurður samkeppnisráðs nr. 25/2003 *Kvörtun bílasölu Íslands ehf. yfir notkun Bílasölu Íslands ehf. á léninu billinn.is*, þar sem Bílasölu Íslands var gert að taka niður vefsíðu sína undir merkinu billinn.is, þar sem bílasalan Bíll.is var talin njóta einkaréttar á þessu algenga nafni. Einnig er nefndur



dómur Hæstaréttar 206/2004 þar sem Pharma Nord ApS. þurfti ekki að þola notkun á nafninu PharmaNor hf. gegn vilja sínum. Kröfur kvartanda séu því í fullu samræmi við úrlausn sambærilegra mála.

Kvartandi telur skráningu Garða og véla ganga gegn ákvæðum laga nr. 46/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Þá vísar kvartandi m.a. til 5. gr. og beggja málslíða 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti og ítrekar fyrri rök.

3.

Hinn 14. desember 2004 sendi Samkeppnisstofnun bréf lögmanns Garðvéla til lögmanns Garða og véla til umsagnar. Svar hans er dags. 16. desember 2004.

Í svarinu kemur fram að Garðar og vélar telji að kvartandi rangtúlki niðurstöðu Hæstaréttar sér í hag. Þar hafi verið um að ræða ruglingshættu vegna tveggja skráðra vörumerkja. Hér sé ekki um skráð vörumerki að ræða. Að öðru leyti eru fyrri rök ítrekuð og þá sérstaklega að Garðar og vélar telji sig á engan hátt hafa brotið gegn ákvæðum laga um óréttmæta viðskiptahætti og því sé ekkert tilefni til íhlutunar.

4.

Með bréfi, dags. 4. janúar 2005, var málsaðilum kynnt að gagnaöflun væri lokið í málinu og að fyrirsjáanlegar væru tafir á afgreiðslu málsins sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni. Með bréfi dags. 13. maí 2005, var aðilum kynnt að enn yrði töf á því að málið fengi afgreiðslu. Með bréfi stofnunarinnar, dags. 30. júní 2005, til málsaðila var tilkynnt að hinn 1. júlí 2005 tækju gildi lög nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins en þau svari til VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 sem sama dag falli úr gildi. Tilkynnt var að Neytendastofa hefði eftirlit með lögunum og málið flyttist til þeirrar stofnunar og fengi afgreiðslu þar.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 31. október 2005, til Garðvéla var sökum tafa á afgreiðslu málsins óskað upplýst hvort enn væru uppi óskir um að úrskurðað yrði í málinu. Kvartandi óskaði afgreiðslu og var það kynnt Görðum og vélum. Með bréfi, dags. 7. júlí 2006, var málsaðilum kynnt að enn yrði einhver töf á afgreiðslu málsins.

III.

Niðurstöður

Í máli þessu kvartar fyrirtækið Garðvélar yfir skráningu fyrirtækisins Garðar og vélar. Kvörtunin byggir einkum á þeim forsendum að um verulega ruglingshættu sé að ræða milli fyrirtækjanna. Þau beri svipuð heiti, hafi með höndum samskonar atvinnurekstur



og starfi á sama markaðssvæði. Garðvélar hafi verið stofnað árið 2000 en Garðar og vélar árið 2004.

Í erindinu vísar kvartandi til 5. og 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.

Í 5. gr. laganna kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. Af ákvæðinu má ráða að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðileg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki er lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla. Ákvæði II. kafla laga um óréttmæta viðskiptahætti, svo sem 12. gr. gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 12. gr. segir:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarkerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti“

Í 12. gr. felst almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og er hún til fyllingar á vörumerkjavernd eins og sést glögg af lögskýringargögnum, s.s. greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga. Fyrri málslíður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veiti auðkennum.

Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslíð 12. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Taki þetta ákvæði til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslíð.

Firmanöfn eru eitt af þeim auðkennum sem 12. gr. tekur til. Einn helsti tilgangur firmanafna er að sérgreina fyrirtæki frá öðrum fyrirtækum svo neytendur og aðrir viðskiptamenn geti greint á milli. Vernd firmanafna er þýðingarmikil fyrir fyrirtæki.



2. málslíður 12. gr. er ekki sjálfstæð efnisregla heldur veitir viðbótarvernd sem gengur lengra en vernd skv. firmalögum. Verndin skv. 2. málslíð 12. gr. getur náð yfir firmanafn sem er almennt heiti að vissum skilyrðum uppfylltum og leitt til þess að notkun á löglega skráðu firmanafni sé bönnuð.

Að mati Neytendastofu eru bæði firmanöfnin skráð á lögmatan hátt hjá fyrirtækjaskrá. Garðvélar var skráð árið 2000 en Garðar og vélar árið 2004. Bæði fyrirtækin hafa því rétt til þessara auðkenna sinna í skilningi 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. Að mati Neytendastofu á því 2. málslíður 12. gr. við í máli þessu. Skal því litið til þess hvort ruglingshætta milli fyrirtækjanna sé fyrir hendi.

Fram hefur komið að Garðvélar og Garðar og vélar fást bæði við atvinnurekstur á sviði garðyrkju, vélaleigu og því tengdu. Bæði starfa fyrirtækin á sama markaðssvæði þ.e. höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er því að þau eru keppinautar sem reyna að ná til sama markhóps. Heitin Garðvélar og Garðar og vélar eru samsett úr sömu orðum. Í Fyrri heitið er samsett orð en seinna heitið samsett orðaröð þar sem búið er að skjóta samtengingu inn á milli orðanna. Þegar heitin er borin fram heyrir lítil munur. Að mati Neytendastofu er því veruleg hætt á að neytendur og aðrir viðskiptamenn villist á nöfnunum enda má af gögnum málsins ráða að slíkt hafi þegar gerst.

Er því notkun Garða og véla á firmaheitinu Garðar og vélar brot á ákvæðum 5. gr. og 2. málslíðar 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti



IV.

Ákvörðunarorð:

„Garðar og vélar ehf. hafa með notkun firmanafnsins Garðar og vélar ehf. brotið gegn 5. gr. og 2. ml. 12. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 bannar Neytendastofa Görðum og vélum ehf. að nota firmanafnið Garðar og vélar.

Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu mun viðurlögum laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verða beitt.“

Neytendastofa, 3. nóvember 2006